

Byrjendalæsi

SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

2.tbl., 2. árg. Áb. Trausti Þorsteinsson

Október 2008

Smáinnlög

Smáinnlög stendur í 5. til 10 mínútur. Hún kemur til af því að kennari hefur í kennslustundinni séð þörf á að styrkja nemendur í lestri eða ritun. Venjulega beinist smáinnlög að færniþáttum. Ekki ætti að kenna tiltekna færni eina og



sér, heldur í merkingarþærum aðstæðum. Þegar kennari hefur smástund ætti hann að hafa í huga fjögur viðmið:

1. Kennslan ætti að koma til af

greindri þörf til að efla læsifærni nemenda.

2. Smástund ætti að vara í mesta lagi í 5 til 10 mínútur.

3. Færnin sem valin er til kennslu ætti að hjálpa ungum börnum að lesa betur og með meiri ánægju. Smástundir sem beinast að reglum um atkvæði, greina-merki og annað álíka mæta ekki þessu viðmiði. Venjuleg innlög gæti mætt þess konar þörfum.

4. Færnina sem kenna á, ætti að sýna í tengslum við raunverulega texta sem börnin hafa verið að lesa eða skrifa um, þannig að fundinn er merkingarþæ jarðvegur fyrir kennsluna.

Reutzel, D. R. 1999

Læsispróf - að lesa úr niðurstöðum

Lesskimunarprófið Læsi er hóppróf og er því ætlað að vera leiðsegjandi um nám og kennslu, sérfræðiaðstoð, nánari greiningu, ráðstöfun fjármagns og ákvarðanir sem varða skipulag skóla. Gagnsemin tengist ákvörðunum um kennslu næstu vikur eða til lengri tíma. Það þykir kostur hve fljótlegt er að leggja prófið fyrir og vinna úr því. Niðurstöður má skoða út frá ferns konar sjónarhornum.

1. Sjá má hvernig hverjum og einum nemanda vegnar.
2. Fylgjast má með hvernig hópnum í heild gengur að tileinka sér mikilvæg þekkingaratriði og sjá hvaða þáttum hafa verið gerð góð skil og hvaða þættir hafa fengið of litla umfjöllun o.s.frv.
3. Bera má saman árangur bekkjardeilda til að athuga hvort veikur hlekkur kann að vera í kennslunni.
4. Bera má saman árangurinn við árangur sömu bekkja t.d. þrjú s.l. ár.

Allir skólar á 1. ári í byrjendalæsi skila niðurstöðum, kóðuðum, úr Læsisprófum til HA. Aðrir byrjendalæsis skólar þurfa að skila inn í það minnsta niðurstöðum úr einu Læsisprófi af þremur yfirveturinn. Ráðgjafar og leiðtogar setja sig í samband við oddvita og kennara þegar nær dregur.

Frá ritstjórn

Ágætu kennarar, oddvitar, leiðtogar og stjórnendur. Hér fáið þið í hendur 3. tölublað vefritsins *Byrjendalæsi*. Í ritinu er að finna efni sem ráðgjafar HA hafa aflað á ferðum sínum út í skólana og einnig fengið sent frá kennurum. Einnig eru sérstök svið læsis tekin til umfjöllunar og rætt um það sem er á döfinni. Kennurum og leiðtogum er þakkað aðsent efni og þess vænst að þeir nýti áfram þennan vettvang til að deila með öðrum góðum hugmyndum og vel heppnuðum verkefnum. Efni má senda á netföngin jenny@unak.is, rosa@unak.is eða thgeirs@unak.is.

Byrjendalæsisblaðið er sent í tölvupósti til þeirra sem vinna eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. – 4. bekk og eru í samskiptum við skólaþróunarsvið HA. Umsjón með efni hafa Jenny Gunnbjörnsdóttir, Rósa Eggertsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir en hún hóf störf sem sérfræðingur á skólaþróunarsviði HA 1. ágúst s.l.

Á döfinni

Næsta námskeið fyrir leiðtoga I og II verður 29. október n.k. á Akureyri.

Næstu smiðjur á Akureyri verða 5. nóvember. Í Reykjavík verður smiðja 10. nóvember. Á Akranesi verða smiðjur 6. og 13. okt.

Skimunarprófið Læsi 1 lagt fyrir 1. og 2. bekk dagana 11.– 18. nóv. Síðasti skiladagur á kóðuðum úrlausnum á bekkjaryfirliti er 28. nóvember. Skólar sem fá ráðgjöf frá leiðtogum skila niðurstöðum til þeirra, aðrir skila beint til ráðgjafa HA. Æskilegt er að skila upplýsingum á excel skjali.

Efni í blaðinu:

FRÁ RITSTJÓRN	1
SMÁINNLOGN	1
LÆSISPRÓF—AÐ LESA ÚR NIÐURSTÖÐUM	1
Á DÖFINNI	1
GULLKORN	2
HUGARLEIKFIMI	2
HLUSTUNARSVÆÐI	2
FRÁ KENNURUM JÓI OG BAUNAGRASID	4
HUGTAKAKORT	4

Byrjendalæsi

Gullkorn

Það gerist iðulega, þegar hæglæsir nemendur lesa upphátt og hika eða jafnvel þegja um stund, að þeir verða fyrir truflunum frá öðrum nemendum eða kennara sem segja þeim orðið sem veldur þögninni. Hvort sem þetta er gert af góðum hug, vegna óþreyju eða af því að við þekkjum ekki aðrar leiðir, þá er ljóst að slík aðstoð ýtir undir enn meira hjálparleysi hjá hinum hæglæsa.

Beers, K. (2003). *When Kids Can't Read—What Teachers Can Do: A Guide for Teachers 6-12*. Portsmouth, Heinemann.

Hve mikið af hugarleikfimi eru fólgin í verkefnum ykkar?

Verkefni:	1	2	3	4	5	6
Vinna með upplýsingar (information processing)						
- safna gögnum						
- raða og flokka						
- röðun og samhengi						
- bera saman og sundurgreina						
- greina hluta og heildir						
Röksemdir (reasoning)						
- færa fram rök – rökstyðja						
- draga ályktanir – aðleiðsla						
- útskýra						
- taka ákvarðanir						
Færni við öflun upplýsinga (enquiry)						
- spyrja spurninga						
- setja fram viðfangsefni						
- skipuleggja hvað á að gera						
- spá fyrir um niðurstöður						
Skapandi hugsun (creative thinking)						
- setja fram og útvíkka hugmyndir						
- setja fram tilgátu						
- leita að öðrum möguleikum /lausnum						
- beita ímyndunarafli						
Mat (evaluation)						
- setja fram viðmið						
- vega og meta upplýsingar						

Berið verkefni sem nemendur glíma við saman við þessi viðmið. Merkið við þegar ykkur finnst að viðfangsefni í lestrarnámi fela í sér nægilega hugarstarfsemi.

Fisher og Lewis. 2002. *Thinking skills*. National Curriculum í Bretlandi.

Hlustunarsvæði

Börn hafa ánægju og mikið gagn af því að hlusta á góðan upplestur. Til að auka aðgengi nemenda að margvíslegum upplesnum textum má koma upp hlustunarsvæði. Það má koma upp aðstöðu á ódýran hátt með því að nota tæki fyrir hljóðsnældur eða geisla-spilara þar sem tengja má heyrnartækin við. Nemendur þurfa að geta gengið að upplesnu efni á bók. Ef lítið er um upplesið efni, má ef til vill huga að því hvort góðir upplesarar finnist ekki á meðal foreldra eða annarra sem tengjast skólanum. Mælt er sérstaklega með að börn sem eiga nokkuð í land með lestrarfærni hafi svigrúm til að sækja hlustunarsvæðið.



Ýmsir möguleikar felast einnig í notkun mp3 og ipod spilara. Hljóðskrá er hlaðið inn í tækin og nemendur hlusta. Hljóðbækur Námsgagnastofnunar eru nú á þessu formi og einnig er að finna lesið efni á Skólavefnum.



Frá kennurum

Jói og baunagrasið - Verkefni unnið af 3. VE í Fellaskóla



Við tókum okkur tvær vikur í að vinna með Jóa og baunagrasið. Margir nemendur í þessum bekk eiga annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál og því brugðum við á það ráð að kynna þessum nemendum söguna í nýbúaveri skólans vikuna áður. Þau höfðu því örlítið forskot á hina sem gerði þeim auðveldara að fylgjast með sögunni þegar hún var lesin og vinna verkefni úr henni með íslenskum bekkjarfélögum.

Vinnuferill

Sagan lesin, orð útskýrð og efni sögunnar rætt í bekknum. Nemandum skipt í 5 hópa sem færðust áfram í hringekjuformi. Einn hópur var alltaf fastur á bókasafni í frjálsum lestri eða að skoða bækur. 4 hópar voru því við vinnu á svæðinu. Í fyrri vikunni var einn hópur að vinna við verkefnabók sem í eru ýmis verkefni sem tengjast sögunni um Jóa og baunagrasið (m.a.

lesskilningur, orðarugl og krossgáta), annar hópur spilaði spil, sem samið var úr sögunni og hafði stuðningsfulltrúa með sér. Þriðji hópurinn byrjaði að vinna við að búa til hús Jóa og mömmu. Fjórði hópurinn vann með setningar úr sögunni, sem síðar mynduðu söguna sem fylgir listaverkinu. Í seinni vikunni var einn hópur í orðavinnu og fékk verkefnið: „Hvað geturðu búið til mörg orð úr þessum orðum sem öll eru úr sögunni“ (t.d. mannabefur, fótatak, morgunverður, baunagrás, töfrabaunir...)? Þegar nemendur fundu ekki fleiri orð settist þeir við tölvuna og slógu orðin inn í Word. Orðin voru síðan klippt niður og sett á stórt vinnublað með stafrófinu þar sem hverju orði var raðað eftir upphafsstaf. Öll orð sem byrja á s fara í s-reit í stafrófinu o.s.frv. Annar hópur var í myndsköpun þar sem persónur sögunnar voru skapaðar í samvinnu hópsins. Þriðji hópurinn fékk vinnuhefti þar sem þau þurftu m.a. að vinna með húsið sem nú var fullskapað. Þau áttu að mæla hæð þess, breidd glugga og hurðar o.fl.; teikna rísa, mæla og finna út hver í hópnum átti hæsta risann. Fjórði hópurinn puttaprjónaði úr mismunandi grænu garni stönglana á baunagrasinu. Fimmti hópurinn var á bókasafni. Allir nemendur tóndu lauf úti í frímínútum sem kennari plastaði og prýðir nú veggmyndina.

Þessi vinna var virkilega skemmtileg og allir nemendur afar stoltir, allir eiga hlut í húsinu, baunagrasinu og laufinu og allir komu að því að skapa persónurnar. Sagan um Jóa og baunagrasið er mikil uppáhaldssaga í þessum bekk.

Mér finnst skemmtilegast af öllu að sjá hvernig nemendur mínir vinna saman og leysa verkefni á þann máta sem hópurinn kemur sér saman um. Í næsta verkefni verða hóparnir öðru vísi samansettir svo nemendur kynnist hverjir öðrum og vinni ekki alltaf með sama fólkinu.

Hugtakakort



Tilgangur hugtakakorta er að sýna fram á þekkingu og skilning á sjónrænan hátt. Hugtök eru kynnt í reitum sem ýmist geta haft form hrings eða ferlhyrnings og verið mismunandi að lit. Tengilínur sýna fram á tengsl hugtaka. Heildarmynd hugtakakorts getur verið breytileg en grunnhugtak er ýmist í miðju eða efst. Hugtökum (geta verið meginhugtök) sem falla undir grunnhugtakið er raðað fyrir neðan það eða í kringum það. Hið almenna er ofar en hið sértæka er þar undir og þarf að vera nánast eins og hlutmengi af því sem ofar er— nema verið sé að lýsa ferli. Ytra form hugtakakorts getur tekið á sig form píramída eða hrings.

Hugtök tjáð með myndum og orðum

Myndun hugtakakorta

1. Lesa, snúa svo texta á hvolf.
2. Rifja upp hugtök eftir minni og skrifa á litla miða, mest tvö orð á miða.
3. Láta miða sem eiga merkingarlega saman í flokk.
4. Raða hugtakmiðunum, frá hinu almenna til hins sértæka, á stóra örku t.d. A3.
5. Lesa aftur ef þarf og bæta við hugtökum.
6. Tengja saman hugtök með línunum.
7. Skrifa á tengilínur ef hentar.
8. Raða dæmum við hugtökin.
9. Yfirfara kortið með gagnrýni og laga ef þarf.

Kennurum bent á að nota stigskiptan stuðning við kennslu hugtakakorta og „hugsa upphátt“ um leið



Blaðsíða 4

